

## DAGBÓK



## Átræðisafmæli

Fríðbert Pétursson, bóndi frá Botni í Súgandafirði verður 80 ára þriðjudaginn 31. okt. Hann og kona hans, Kristjana G. Jónsdóttir, sem verður átræð 7. nóv. nk., ætla að taka á móti gestum að heimili

Hjónin Kristjana G. Jónsdóttir og Fríðbert Pétursson eiga átræðisafmæli með viku millibili

sínu að Hjallavegi 16, Suðureyri, laugardaginn 4. nóvember, eftir kl. 15:00 (3 e.h.)

## FLOKKSSTARF

## Aðalfundur F.U.F. Keflavík

Aðalfundur ungra framsóknarmanna í Keflavík og nágrenni verður haldinn að Tjarnargötu 7, Keflavík, laugardaginn 28. okt. n.k. kl. 14.00. Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kosning fulltrúa til fulltrúaráðs félaganna í Keflavík.
3. Kosning 9 fulltrúa á kjördæmisþing.
4. Sveitarstjórnarkosningar í maí.
5. Önnur mál.

Félagar, fjölmennið og takið með ykkur gesti.

F.U.F., Keflavík og nágrenni.

## Aðalfundur í Framsóknarfélagi Akraness

Boðað er til aðalfundar í Framsóknarfélagi Akraness mánudaginn 30. okt. kl. 20.30 að Sunnubraut 21.

Fundarefni: Venjuleg aðalfundarstörf. Kosnir fulltrúa á kjördæmisþing og önnur mál.

Mætum öll

Stjórnin.

## Frá Framsóknarfélagi Mýrarsýslu

Aðalfundur verður haldinn þriðjudaginn 31. október kl. 21.00 í húsi félagsins.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf. Alexander Stefánsson, alþingismaður mætir á fundinn.

Stjórn LFK



Alexander Stefánsson

## Haustfagnaður framsóknarmanna á Vesturlandi


verður haldinn á Hótel Borgarnesi föstudagskvöldið 3. nóvember. Dagskrá hefst kl. 20.30.

Kvöldverður, skemmtiatriði og dans.

Miðapantanir og nánari upplýsingar í sínum: Bjarni, s. 70068, Ingimundur, s. 71777, Þorvaldur, s. 38951 og Sædís, s. 71509.



Steingrímur



Jóhann



Sigurður

## Kjördæmisþing framsóknarmanna í Reykjaneskjördæmi

verður haldið í Félagsheimilinu í Kópavogi sunnudaginn 5. nóvember nk.

## Dagskrá:

- Kl. 10.00 Þingsetning og kosning starfsmanna þingsins. Skýrsla stjórnar KFR og reikningar. Umræður og afgreiðsla.
- 10.45 Ávörp gesta.
- 11.00 Laganefnd – fyrri umræða. Matarhlé.
- 13.00 Stjórnarmálavíðhorfið: Steingrímur Hermannsson, forsætisráðherra. Jóhann Einvarðsson, alþ.m. Almennar umræður.
- 15.00 Sveitarstjórnarkosningarnar 1990. Sigurður Geirdal, framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins. Almennar umræður.
- 16.00 Laganefnd – afgreiðsla.
- 16.30 Kosningar.
- 17.00 Önnur mál.
- 18.00 Þingslit.

## Húvetningafélagið

Félagsvist verður spilið á laugardag 28. okt. kl. 14:00 í Húnaþingi, Skeifunni 17. Allir velkomnir.

## Einsöngstónleikar í Norræna húsinu

Sunnud. 29. okt. kl. 17:00 halda tveir sænskir tónlistarmenn tónleika í Norræna húsinu. Þetta eru tenórsöngvarinn Per Waldheim og pianóleikarinn Harriet Percy.

Á efmisskránni eru sönglög eftir Grieg, Sibelius, Nordqvist, Rangström, Sjögren, Brahms, Schubert, Rossini, Mascagni og fleiri tónskáld.

Per Waldheim er fæddur 1948. Hann stundaði söngnám jafnhliða hagfræðinám. Árið 1972 var hann ráðinn við Borgarleikhúsið í Malmö og frá 1977 hefur hann sungið við Konunglegu óperuna í Stokkhólmi. Per Waldheim hefur haldið tónleika víða í Svíþjóð og í Noregi og í Bandaríkjunum. Samstarf þeirra Harriet Percy hefur varað í tólf ár. Hún stundaði píanónám m.a. hjá de Frumerie. Hún hefur leikið bæði með hljómsveitum, kammersveitum og haldið einleikstónleika.

Pau eru að koma úr hljómsveitum í Bandaríkjunum að þessu sinni og halda aðeins þessa einu tónleika hér. Aðgöngumiðar verða seldir við inngangi.

## Sýningar í Norræna húsinu

Í anddyri: Öðruvísi fjölskyldumyndir. Ljósmyndasýning frá Ljósmyndasafninu í Öðinsvém.

Í sýningarsal: Björg Þorsteinsdóttir – olíukríttarmyndir og vatnslitamyndir.

## Frá Félagi eldri borgara

Opíð hús í Goðheimum, Sigtúni 3, á morgun, sunnudag. Kl. 14:00 – frjálst spil og tafl. Kl. 20:00 er dansað.

Athugið: Munið skáldakynninguna um Þorberg Þórðarson þriðjudaginn 31. október kl. 15:00 að Raudarárstíg 18. Allir velkomnir.

## Skaftfellingar

Félagsvist verður í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178, sunnudag 29. okt. kl. 14:00.

Stjórnin

## Dagstærð F.Í. sunnud. 29. okt.

Kl. 13:00 Höskuldavellir - Trölladyngja. Leiðin liggur suður með sjó þar til komið er að afleggjaranum til Höskuldavalla hjá Kúagerði. Trölladyngja er lág hæð austur af Höskuldavöllum. Létt gönguferð í fallegu landslagi. Farmiðar við bíl. (800 kr.) Frítt fyrir börn að 15 ára aldri.

Næsta myndakvöld verður miðvikud. 8. nóv. í Söknarsalnum, Skipholti 50A. Ferðafélag Íslands

## Kvikmyndasýning MÍR: „Venjulegur fasismi“

Kynningu MÍR á verkum sovéskra kvikmyndaleikstjórans Mikhails Romm lýkur í bíosal félagsins, Vatnssíg 10, sunnud. 29. október kl. 16:00 með sýningu á hinni frægu mynd Romms „Venjulegur fasismi“ frá 1965. Í myndinni er sagt frá fasismanum, upphagi hans og þróun, og er myndin að verulegu leyti sett saman úr efni sem fannst í kvikmyndasöfnum í Sovétríkjunum og víðar, en einnig brugðið upp svipmyndum frá miðjum sjöunda áratugnum. Allt er þetta efni tengt saman með texta sem Romm talar sjálfur inn á myndina.

Eintak það sem sýnt er í MÍR er talsettt á ensku.

## Börn og bækur í Blindrabókasafni

Í dag, laugardaginn 28. október kl. 14:00, verður haldin bókmenntakynning fyrir börn í Blindrabókasafni Íslands að Hamrahlíð 17.

Danski rithöfundurinn H.C. Andersen verður kynntur. Keld Gall Jörgensen lektor fjallar um skáldið og verk hans og Gísli Halldórsson leikari les úr verkum hans.

## Listmunauppböð á sunnudagskvöld

23. listmunauppböð Gallerí Borgar í samvinnu við Listmunauppböð Sigurðar Benediktssonar hf. verður haldið að Hótel Borg sunnud. 29. október og hefst kl. 20.30.


Uppböðsverkin verða sýnd laugardag og sunnudag kl. 14:00-18:00.

Þeir sem ekki sjá sér fært að vera viðstaddir sjálft uppböðið geta skilið eftir forboð hjá starfsfólki Gallerí Borgar.

## Laus staða

Staða löglærðs fulltrúa við embættið er laus til umsóknar. Umsóknarfrestur er til 25. nóvember n.k. Frekari upplýsingar veitir undirritaður.

Lögreglustjórnin á Keflavíkurflugvelli. 27. október 1989.




„Varðmenn“ kallar Kristín þetta verk sitt

## Kristín Ísleifsdóttir sýnir á Kjarvalsstöðum - Vesturforsal

Kristín Ísleifsdóttir opnar sýningu á verkum sínum í Vesturforsal Kjarvalsstöðum.

Á sýningunni verða u.þ.b. 80 skálar, vasar og flát, sem unnin hafa verið í leir á síðast liðnum tveimur árum. Form verkanna eru í flestum tilfellum tilvísun til hluta, sem ekki hafa verið notaðir í daglegu lífi.

Kristín er fædd í Reykjavík 1952. Hún útskrifaðist frá Listiðnar- og hönnunardeild Tokyo Designers College 1979. Hún hefur haldið einkasýningar í Reykjavík og Tokyo og tekið þátt í samsýningum á Íslandi, Norðurlöndum, Ítalíu og Japan. Sýningin er opin alla daga kl. 11:00-18:00 og stendur til 12. nóvember.



Sveinn Björnsson við eitt af verkum sínum. (Tímamynd Árni Bjarna)

## Sýning Sveins Björnssonar á Kjarvalsstöðum

Sveinn Björnsson listmálari opnaði sýningu á verkum sínum um helgina. Hann hefur áður haldið margar málverkasýningar, bæði hér heima og erlendis.

Að þessu sinni sýnir Sveinn bæði vatnslitamyndir, keramik og fleira á Kjarvalsstöðum, en hann hefur verið þekktastur fyrir málverk sín.

Sýning Sveins Björnssonar að Kjarvalsstöðum stendur til 12. nóvember.



## Sýning í Gallerí List

Jónína Magnúsdóttir, Ninný, opnar sýningu á verkum sínum í Gallerí List, Skipholti 50B, laugardaginn 28. október kl. 15:00.

Jónína Magnúsdóttir er fædd 1955 í Reykjavík. Hún lauk prófi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1978. Hún hefur einnig stundað nám við Myndlistaskóla Reykjavíkur og á árunum 1983-87 stundaði hún nám hjá dönsku listakonunni Elly Hoffmann.

Þetta er önnur einkasýning Jónínu, en hún hefur áður sýnt í Danmörku. Auk þess tók hún þátt í IBM sýningunni „Myndlistamenn framtíðarinnar“ á Kjarvalsstöðum 1987.

Myndirnar á sýningunni eru unnar á flisar með postulínslitum, olíu á striga og kritt á pappír.

Sýningin verður opin daglega kl. 10:30-18:00, laugardaga og sunnudaga kl. 14:00-18:00. Sýningunni lýkur 5. nóvember.

## Breyttur opnunartími á Þjóðminjasafni Íslands

Frá og með 16. sept. til 14. maí verður safnið opið þriðjudaga, fimmtudaga, laugardaga og sunnudaga kl. 11:00-16:00. Aðgangur er ókeypis.

Strætisvagnar sem stansa við Þjóðminjasafnið: 5, 6, 7, 13, 14, 16, 100.

## Frá Rangæingafélaginu

Rangæingafélagið heldur sinn árlega kirkjudag í safnaðarheimili Bústaðakirkju sunnud. 28. október. Sameiginleg kaffidrykkja að lokinni guðsþjónustu, sem hefst kl. 14:00.

## Hafnarfjarðarkirkja

Sunnudagaskóli kl. 11:00. Messa kl. 14:00. Ættingjar Jóels Fr. Ingvarssonar, fyrr. meðhjálpara kirkjunnar, afhenda páskahöku að gjöf. Sr. Valgeir Ástráðsson, dóttursonur Jóels, prédikar. Kirkjukaffi í Álfafelli, íþróttahúsinu við Strandgötu, eftir messu.

Sr. Gunnþór Ingason

## Dr. Uri Davis flytur háskólaflýrlestur

Dr. Uri Davis flytur opinberan flýrlestur í boði félagsvísindadeildar H.Í. mánudaginn 30. október og hefst hann kl. 17:15 í stofu 101 í Odda.

Dr. Davis hefur kennt við ýmsa háskóla, síðast háskólann í Exeter og hefur enn tengsl við þann skóla (Honors Research Fellow). Nú er hann forstöðumaður ráðgjafastofnunar „The Jerusalem and Peace Service“. Dr. Davis hefur skrifað fjölda greina og bóka. Flýrlesturinn nefnist: *The Israeli Palestinian Conflict: Possibilities for a Peaceful Solution based on Principles of Western Democracy.*

Flyrlesturinn verður fluttur á ensku og er öllum heimill aðgangur.



## Aðalheiður Valgeirsdóttir sýnir í Ásmundarsal

Aðalheiður Valgeirsdóttir opnar sýningu á grafik- og þurrkrittarmyndum sínum í Ásmundarsal, Freyjugötu 41 í Reykjavík, laugardaginn 28. október.

Á sýningunni eru 36 verk, 15 þurrkrittarmyndir og 21 dúkrista. Verkin eru öll unnin á þessu ári.

Aðalheiður er fædd 1958, lauk stúdentsprófi frá MH1978 og prófi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands, grafikdeild 1982. Þetta er fyrsta einkasýning Aðalheiðar, en hún hefur tekið þátt í nokkrum samsýningum.

Sýningin stendur til 12. nóvember og verður opin kl. 14:00-20:00 alla sýningar-dagana.



## Valgerður Bergsdóttir sýnir í NYHÖFN

Valgerður Bergsdóttir opnar sýningu á verkum sínum í Nýhöfn, Hafnarstræti 18, laugardaginn 28. október kl. 14:00-16:00.

Valgerður er fædd í Reykjavík. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1963 og stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1966-69 og 1971-73. Einnig við Statens kunstindustri- og haandverkerskole í Oslo 1969-71.

Á sýningunni í Nýhöfn eru stórar blýteikningar á pappír, flestar unnar á þessu ári og að hluta til í Listamiðstöðinni Sveaborg við Helsinki, þar sem Valgerður dvaldi í sumar.

Valgerður hefur haldið nokkrar einkasýningar, síðast í Gallerí Svart á hvítu í Reykjavík 1988 og þar áður í Stúdíói Listasafnsins í Abo í Finnlandi 1983, þar sem hún var valin teiknari mánaðarins. Valgerður var fulltrúi Íslands á Norræna teiknitriennialnum í Svíþjóð í ágúst s.l. Hún hefur auk þess tekið þátt í fjölda samsýninga, bæði hér heima og erlendis.

Valgerður fékk 6 mánaða starfslaun frá íslenska ríkinu á þessu ári. Sýningin, sem er sölusýning, er opin kl. 14:00-18:00 um helgar og kl. 10:00-18:00 virka daga. Henni lýkur 15. nóvember.